



LANGANESBYGGÐ

19. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar (aukafundur) haldinn í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn föstudaginn 6. mars 2015 kl 14:00

Mætt eru: Hilma Steinarsdóttir oddviti, Þorsteinn Ægir Egilsson varaoddviti, Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir, Reynir Atli Jónsson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Siggeir Stefánsson og Elías Pétursson sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð, svo var ekki.

Oddviti benti á að vafi léki á að heimilt væri að kjósa jafn um mikilvægt embætti og oddvitaembættið í leynilegri kosningu. Að því loknu las oddviti upp úr tölvupósti Sesselju Árnadóttur lögfræðings hjá KPMG. „Ef sveitarstjórn hyggst viðhafa skriflega atkvæðagreiðslu um kjör oddvita og varaoddvita þyrfti að mínu mati að rökstyðja það sérstaklega. Almenna reglan er sú að sveitarstjórnarmenn þurfa að sýna hvernig þeir greiða atkvæði og er það byggt á þeirri persónulegu ábyrgð sem sveitarstjórnarmenn bera á störfum sínum í sveitarstjórn. Við rökstuðning varðandi það hvort viðhafa eigi skriflega atkvæðagreiðslu um kjör oddvita er mikilvægt að hafa í huga að oddvitakjör er slík grundvallarákvörðun um starfsemi sveitarstjórnarinnar að eðlilegt er að gera kröfu um gagnsæi þegar sú ákvörðun er tekin. Bæði innan sveitarstjórnarinnar og út á við gagnvart íbúum er mikilvægt að ljóst sé hverjir styðji oddvita í störfum sínum og hverjir ekki.“

Umræður fóru fram og var ákveðið að viðhöfð yrði handaupprétting.

1. Kosning oddvita

Fram fór kosning. Siggeir Stefánsson fékk 4 atkvæði Siggeirs, Halldóru, Björns og Reynis. Þorsteinn Ægir Egilsson fékk 1 atkvæði Þorsteins og Hilma Steinarsdóttir fékk 1 atkvæði Hilmu. Hulda sat hjá.

Siggeir Stefánsson telst því réttkjörinn oddviti Langanesbyggðar.

2. Kosning varaoddvita

Fram fór kosning. Reynir Atli fékk 4 atkvæði Siggeirs, Halldóru, Björns og Reynis, Þorsteinn Ægir Egilsson fékk 2 atkvæði Þorsteins og Huldu. Hilma sat hjá.

Reynir Atli telst því réttkjörinn varaoddviti Langanesbyggðar.



LANGANESBYGGÐ

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 14:17